

Fundargerð stjórnarfundar 28. 4. 2015

Staður: Hamraborg 18, Kópavogi

Tími: 29. 4. 2015 kl. 20 til 22

Mættir voru: Kjartan Kárason, formaður
Valdimar Reynisson f. Hólsbraut
Sigurlaug Guðmundsdóttir f. Heiðarbraut
Guðrún S. Ólafsdóttir f. Álftagróf
Hjalti Elísson f. Krók

Fjarverandi: Einar R. Sigurðsson f. Hlíðarbraut
Sveinn Baldursson f. Gilbraut

Fyrsta mál á dagskrá var staða sölumála.

Hjalti gerði grein fyrir því og las kafla úr ársskýrslu SR frá Presti Ólafssyni, svo hljóðandi.

“Fellsmörk.

Ég get ekki lokið þessari skýrslu án þess að minnst á Fellsmörk. Ég hef í fyrri skýrslum mínum sagt frá fyrirætlunum okkar varðandi Fellsmörk, um að kaupa landið af ríkinu. Viðræður hafa farið fram án þess að komin sé nein niðurstaða, en viðræðum hefur heldur ekki verið slitið enn. Svo verður bara að koma í ljós hvort þetta tekst eður ei. Ég er, eins og sagt er – þegar menn vita ekkert hvað þeir eiga að segja – hóflega bjartsýnn. “

Annað mál á dagskrá var viðhaldsframkvæmdir fyrir sumarið.

Niðurstaða var að fylgjast með girðingum og að halda í horfinu.

Þriðja mál á dagskrá var undirbúningur fyrir aðalfund 2015.

Ákveðið var að boða til hans 12. maí í húsi SR við Elliðavatn.

Valdimar Reynisson samþykkti að flytja þar fyrirlestur fyrir gesti.

Fjórða mál á dagskrá var heimasíða félagsins FLAF.

Þar sem Einar Ragnar var ekki viðstaddur, en hann hefur haft aðalumsjón með síðunni, var bara ákveðið einróma að hann fengi heimild til að kaupa lén fyrir síðuna.

Fundi var slitið kl. 22.